


Umhverfis- og skipulagsþjónusta

Hafnarfjarðar,

b.t. Þormóðs Sveinssonar arkitekts,
Norðurhelli 2,
221 Hafnarfjörður.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	30.12.15
Málsnr:	1510452
Bréfál:	521.1

Sigrún Skúladóttir kt. 301136-7069

og

Skúli Sigurðsson kt. 031163-4719,
Brekkgata 25,
220 Hafnarfjörður.

Hafnarfirði 28. 12. 2015

Okkar tilv. SEL328122015

Efni: Athugasemdir vegna grenndarkynningar á Selvogsgötu 3

Í framhaldi af bréfi ykkar dagsettu 30.11.2015 vegna grenndarkynningar á lóð númer 3 við Selvogsgötu viljum við undirrituð gera eftirfarandi athugasemdir:

- Gerð er athugasemd við 2 gr. Grenndarkynningar þar sem stendur:

„Tekið fyrir að nýju erindi Kjartans F. Ásmundssonar um að breyta skúr á lóð í bílskúr/geymslu samkvæmt teikningum Sveins Valdimarssonar dags. 15.10.2015“.

Á meðfylgjandi uppdrætti (nr. A101/15-13) er sýnt mannvirki á afstöðumynd sem staðsett er í horni lóðar og nefnt á teikningu „eldri skúr“. Skúr þessi eða mannvirki er ekki og hefur aldrei verið til staðar. Þar er enn fremur sagt að til standi að endurnýja hann sem nýja bifreiðageymslu. Þetta stenst ekki og því getum við ekki samþykkt að framangreint sé forsenda fyrir grenndarkynningunni. **Þarna hefur aldrei verið skúr.**

Á undan núverandi eigendum Selvogsgötu 3, bjó í húsinu maður sem í leyfisleysi hóf að hlaða vegg við endagafl garðskúrs okkar. Voru þær framkvæmdir stoppaðar, en hann seldi og fór án þess að fjarlægja vegginn. Standa þar því nú rústir hleðslu sem eru að grotna (en mulningur úr veggnum er sífellt að falla inn í garð hjá okkur) auk þess sem loftop á gafl er að hálfu hulið. Núverandi eigendur hafa lofað aðgerðum til nokkura ára án efnda. Þeir settu svo lausan skúr í skotið (sem var þá utan allra lóðarmarka). Sá átti að fara strax aftur en hefur staðið í nokkur ár. Hann var fluttur í haust á annan stað innan lóðar, komu þá í ljós skemmdir á gafl skúrs okkar sem kalla á viðhald okkar í vor.

- Á afstöðumynd kemur fram að nýjan bílskúr/geymslu eigi að staðsetja þétt uppvið gafl á garðhúsi á lóð okkar. **Þessa staðsetningu og tilhögun samþykkjum við ekki.**

Slík bygging myndi takmarka mjög aðgang okkar og ráðstöfunarrétt á framangreindum garðskúr sem stendur á lóðarmörkum og staðið hefur frá því húsið var byggt. Við stækkun lóðar Selvogsgötu 3 árið 2014, mátti vera ljóst að garðhúsið var staðsett á lóðarmörkum og að aðgangur okkar að því þyrfti að vera óheftur. Tilhögun staðsetningar í grenndarkynningunni er því skýlaust brot á þessum rétti okkar.

- Viljum við að fyrirhugaðri staðsetningu verði þannig háttáð að hún sé í þeirri fjarlægð frá lóðarmörkum okkar að hún þurfi ekki að snerta eða hafa áhrif á með einum eða öðrum hætti garðskúr okkar, **nóg rými er annarsstaðar á lóðinni Selvogsgötu 3.**

Virðingafyllt,



Sign. Sigrún Skúladóttir



Sign. Skúli Sigurðsson